

Alþingi
Erindi nr. P 139/1168
komudagur 25.1. 2011

Menntamálanefnd Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

2011
Hafnarfirði 25. janúar 2010.

Efni: Frumvarp til laga um fjölmiðla, þingskjal 215 – 198. mál.

Stjórn Félags fjölmiðlakvenna, FFK, hefur kynnt sér frumvarp til laga um fjölmiðla, sem liggur fyrir yfirstandandi þingi, og komist að þeirri niðurstöðu að frumvarpið sé engan veginn nógu skýrt og alls ekki blaðamannastéttinni til hagsbóta. Stjórn FFK telur því að það sé ekki blaðamönnum og fjölmiðlastéttinni í hag að frumvarpið komist í gegnum þingið í núverandi formi.

Gagnrýni FFK beinist einkum að nokkrum veigamiklum atriðum:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir valdamikilli fimm manna fjölmiðlanefnd sem heyrir beint undir mennta- og menningarmálaráðherra. Stjórn Félags fjölmiðlakvenna telur að hugmyndin um nefndina sé fráleit. Tilgangur hennar sé óskiljanlegur og valdsvið hennar óhugnanlegt. Ekki verði betur séð en að nefndinni sé ætlað nokkurskonar alræðisvald og eftirlitshlutverk með fjölmiðlum og fjölmiðlamönnum og harmar ef slík verður þróunin á hinu nýja Íslandi. Stjórn Félags fjölmiðlakvenna krefst þess að ákvæðum um fjölmiðlanefnd verði þegar í stað breytt. Íslendingar þurfi síst af öllu fjölmiðlanefnd sem hafi hamlandi áhrif á opinbera umræðu og störf fjölmiðlamanna.

Stjórn FFK bendir einnig á að ákvarðanir nefndarinnar séu „fullnaðarúrlausnir innan stjórnsýslunnar“, ákvörðunum hennar verði ekki skotið til annarra stjórnvalda og höfða verði mál vilji menn ekki sætta sig við ákvarðanir hennar. Ákvarðanir fjölmiðlanefndar taki gildi, jafnvel þó að mál hafi verið höfðað. Þetta telur stjórn FFK að yrði óheppileg þróun. Eðlilegt sé að fjölmiðlar og fjölmiðlamenn, ekkert síður en almenningur, geti skotið máli sínu til annars stjórnsýslustigs.

Gert er ráð fyrir að í fjölmiðlanefnd sitji tveir fulltrúar skipaðir af Hæstarétti, tveir skipaðir af samstarfsnefnd háskólastigsins og sá fimmti verði pólitískur, skipaður af ráðherra. Stjórn FFK mótmælir þessari skipan harðlega. Ef fjölmiðlanefnd verður að veruleika, sem stjórn FFK telur óæskilegt með öllu, mælir stjórn FFK með því að blaðamenn, fagmennirnir sjálfir, komi þar að málum. Stjórnin leggur þá til að 8. grein frumvarpsins verði breytt þannig að

Hæstiréttur skipi einn fulltrúa, samstarfsnefnd háskólastigsins einn og Félag fjölmiðlakvenna og Blaðamannafélag Íslands þrjá fulltrúa. Formaður Blaðamannafélags Íslands verði formaður nefndarinnar. Þetta fyrirkomulag telur Félag fjölmiðlakvenna að styrki blaðamannastéttina og veiti blaðamönnum forræði yfir sínu eigin fagi og þróuninni í fjölmiðlageiranum.

Stjórn FFK telur að í frumvarpinu sé verið að hygla Ríkisútvarpinu umfram einkarekna ljósvakamiðla. Dæmi um það megi sjá í VIII. Kafla um takmörkun á einkaréttindum yfir myndefni, 48. grein. Þar segi að heimilt sé að ákveða í reglugerð að einkarétt fjölmiðlaþjónustuveitenda til myndmiðlunar frá innlendum og erlendum viðburðum sem taldir eru hafa verulega þýðingu í þjóðfélaginu sé einungis heimilt að nýta á þann hátt að meginhluti þjóðarinnar eigi þess kost að fylgjast með viðkomandi viðburðum í beinum eða seinkuðum útsendingum án sérstaks endurgjalds. Þetta telur stjórnin að þýði að Ríkisútvarpið geti eftir hentugleikum tekið sér útsendingarrétt yfir heimsviðburðum á borð við HM.

Stjórn FFK telur sjálfsagt að stjórnsýslulög gildi um RÚV meðal annars í ljósi eignarhalds ríkisins og skylduáskriftar. Þá má benda á ráðningatíma útvarpsstjóra sem er ótímabundinn en ekki fimm ár eins og til dæmis Þjóðleikhússtjóra. Útvarpsstjóri getur samkvæmt núgildandi lögum ráðið og rekið fólk að vild og án rökstuðnings. Það er eftirtektarvert að stöður fréttamanna hafa ekki verið auglýstar síðustu þrjú ár.

Stjórn Félags fjölmiðlakvenna telur að endurskoða þurfi greinar um ábyrgð blaðamanna. Skýrari texta þurfi um fjárhagslega ábyrgð útgefenda. Í 51. grein er til dæmis gert ráð fyrir að fjölmiðlaþjónustuveitandi beri ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta, fésektar og skaðabóta sem starfsmanni hans kann að vera gert að greiða. Stjórnin telur að þessi orð taki ekki nægilega af öll tvímæli um að blaðamönnum beri ekki að greiða stjórnvaldssektir, fésektir og skaðabætur úr eigin vasa. Stjórnin telur að frumvarpið megi túlka þannig að „fjölmiðlaþjónustuveitandi“, hvort sem það er fjölmiðill, fjölmiðlafyrirtæki eða eigendur, geti greitt sektina og rukkað svo blaðamanninn.

Stjórn Félags fjölmiðlakvenna fagnar því að blaðamönnum er beinlínis gert óheimilt að ljóstra upp um heimildamenn sína.

Stjórnin bendir jafnframt á að frumvarpið er skrifað á illskiljanlegu máli, svo slæmri íslensku að höfundar frumvarpsins skilji ekki alltaf sjálfir sín eigin hugtök. Það gildi til dæmis um notkunina á hugtakinu „fjölmiðlaþjónustuveitandi“. Ekki sé alltaf ljóst hvort með því sé verið að meina fjölmiðilinn, eiganda eða eigendur fjölmiðilsins, ritstjórn eða ritstjóra.

2011

Hafnarfirði 25. janúar 2010.

Stjórn Félags fjölmiðlakvenna

Menntamálanefnd Alþingis,

Austurstræti 8-10,

150 Reykjavík.

Hafnarfirði 25. janúar 2011.

Félag fjölmiðlakvenna hefur fjallað um meiðyrðamál á hendur blaðamönnum sem starfa á prentmiðlum frá því í haust. Þegar mál blaðamanna eru skoðuð kemur í ljós að þeir standa ekki jafnfætis gagnvart lögum um fjölmiðla, þrátt fyrir að í lögum um tjáningarfrelsi og ábyrgð segi í 2. Mg. 73. Gr. Stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944 að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar en verði að ábyrgjast fær fyrir dómi. Þannig eru dæmi þess að blaðamenn hafi verið dæmdir til að greiða háa sekt þó að ekki sé deilt um það að rétt sé haft eftir viðmælandanum.

Óviðunandi er fyrir blaðamenn að eiga á hættu að vera lýstir gjaldþrota eða geta misst húsnæði sitt og eigur vegna starfs síns og það þó að þeir hafi sinnt því óaðfinnanlega.

Stjórn Félags fjölmiðlakvenna, FFK, óskar því hér með eftir því að menntamálanefnd Alþingis beiti sér fyrir því að gerðar verði breytingar á prentlögum þannig að blaðamenn á prentmiðlum standi jafnfætis blaðamönnum á ljósvakamiðlum þannig að viðmælendur blaðamanna á prentmiðlum beri ábyrgð á orðum sínum eins og viðmælendur blaðamanna á ljósvakamiðlum.

Stjórn Félags fjölmiðlakvenna telur afar brýnt að þessi breyting verði gerð nú þegar. Stjórnin bendir á að nýlegt dæmi er um að blaðamaður hafi verið dæmdur til svo hárrar fésektar fyrir orð viðmælanda að legið hafi nærri að hann yrði gjaldþrota.

Stjórn Félags fjölmiðlakvenna telur að ekki sé heppilegt að bíða eftir því að fjölmiðlafrumvarpið, sem nú liggur fyrir þingi, verði samþykkt enda þykir stjórninni ekki nægilega skýrt kveðið á um að ekki skuli ganga að blaðamönnum um greiðslu fésekta.

Stjórnin óskar því eftir því að lagt verði fram sérstakt frumvarp um breytingar á ábyrgð blaðamanna á prentmiðlum og það verði gert að forgangsmáli á þingi.

Stjórn Félags fjölmiðlakvenna